

## Gjaldskrá og reglur Gagnaveitu Sveitarfélagsins Hornafjarðar

### 1. gr.

Gagnaveita Hornafjarðar ehf. á og rekur ljósleiðarakerfi í Sveitarfélaginu Hornafirði. Gagnaveitu Hornafjarðar ehf. er heimilt að selja aðgang að ljósleiðara samkvæmt gjaldskrá og reglum þessum.

### 2. gr.

Eigendur íbúðarhúsnæðis í sveitafélaginu geta óskað eftir að tengjast ljósleiðarkerfinu. Eigendur sumarhúsa og lögaðila (fyrirtæki og rekstraraðilar) í Sveitarfélaginu Hornafirði geta óskað eftir því að tengjast ljósleiðarakerfinu. Umsókn um tengingu skal berast í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins.

Lagnir utanhúss og inn fyrir húsvegg skulu vera í eigu Gagnaveitu Hornafjarðar ehf. en lagnir innanhúss vera á ábyrgð húseiganda. Samráð skal vera við landeigendur um staðsetningu lagna og hentugustu lagnaleiðir.

Gjald miðast við áskrift og skal innheimt mánaðarlega

Fjarskiptafélögum, er veittur aðgangur að ljósleiðarakerfinu að undangengnum samningum um m.a. gjaldtöku og þjónustu sbr. 5. gr. og 6. gr.

### 3. gr.

Einungis starfsmenn eða þjónustuaðilar á vegum Gagnaveitu Hornafjarðar mega annast útsetningu á ljósleiðarastreng, lagningu tenginga eða breytingar á ljósleiðarakerfinu. Gagnaveita Hornafjarðar tengir viðkomandi notanda við ljósleiðarakerfið að hans beiðni enda hafi viðkomandi uppfyllt eða samþykkt skilyrði þess að tengjast ljósleiðaranum. Sama á við um samninga, aðgang og tengingar fjarskiptafélaga sem þjónusta notendur með tengingum sínum.

### 4. gr.

Allar skemmdir sem kunna að vera gerðar á ljósleiðaranum eða búnaði tengdum honum skulu að fullu greiddar af þeim sem tjóninu veldur.

### 5. gr.

Gjöld notenda fyrir afnot af ljósleiðara Gagnaveitu Hornafjarðar (án vsk) eru sem hér segir:

1. Mánaðargjald fyrir heimtaug 2.500 kr.
2. Leiga á aðstöðu í tækjaskáp Gagnaveitu Hornafjarðar 18.250 kr. á mánuði fyrir hálf tækjaskáp, 36.500 kr. á mánuði fyrir heilt tækjaskáp.
3. Flutningur þjónustu á aðra heimtaug 3.500 kr., greitt af fjarskiptafélagi.
4. Stofngjald/tengigjald ljósleiðara tengingar 280.000 kr. fyrir Ísland ljóstengt.
5. Stofngjald/tengigjald fyrir þá sem eru ekki innan Ísland ljóstengt er 280.000 kr. að auki skv. raunkostnaði við að leggja ljósleiðara frá stofnstreng að tengistað.

Heimilt er að jafna út kostnaði í sumarhúsaðverfum þannig að hver tengistaður greiði sama gjald óháð raunkostnaði

6. gr.

Leiga á ljósþráðum innan kerfisins. Fjarskiptafélögum stendur til boða að leigja ljósþræði til annarra nota en tengingu endanotenda. Vegalengdir miðast við loftlínu á milli staða og miðast gjaldtaka við hvern hafinn kílómeter. Miðað er við að ekki þurfi að gera breytingar á streng. Ef gera þarf breytingar þá bætist tíma- og tækjakostnaður við í samræmi við umfang breytinganna. Að öðru leiti er ekkert stofn- eða upphafsgjald vegna leigu. Öll verð eru án vsk.

Leigugjald fyrir ljósleiðaraþræði í streng er eftirfarandi:

Fjöldi þráða kr./km á mánuði:

- 1 þráður, 5.576,-
- 2 þræðir, 6.969,-
- 3 þræðir, 8.363,-
- 4 þræðir, 9.757,-

7. gr.

Gjaldskrá þessi tekur breytingum samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

8. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur rétt til að loka fyrir aðgang gagnvart þeim notendum sem vanrækja að greiða áskriftargjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun skal viðkomandi notandi greiða.

9. gr.

Eftirlitsmaður Sveitarfélagsins Hornafjarðar skal hvenær sem er hafa frjálstan aðgang að öllum búnaði eða kerfum sem tengd eru við ljósleiðara Gagnaveitunnar. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum eftirlitsmanns um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á notkun ljósleiðarans.

10. gr.

Stofngjöld verða innheimt þegar framkvæmdir byrja en heimilt er að dreifa greiðslu þeirra á 14 mánuði.<sup>1</sup>

Gjaldskrá tekur verðlagsbreytingum 1. janúar ár hvert skv. ákvörðun bæjarstjórnar.

Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn þann 12. desember 2019.

*Tímabundin breyting á gjaldskrá varðandi fjölgun gjalddaga var samþykkt í bæjarráði þann 17. febrúar 2021 og gildir til 21. desember 2021.*

Matthildur Ásmundardóttir

---

<sup>1</sup> Samþykkt að veita frest í allt að 14 mánuði á fundi bæjarráðs til 21. desember 2021.

bæjarstjóri